

Erindi til bæjarstjórnar.
Smölun ágangsfjár

„Nú liggja fyrir úrskurðir innviðaráðuneytis frá 16. febrúar 2024 og 18. apríl 2024 auk minnisblaðs matavælaráðuneytis frá því febrúar 2024.

Í úrskurðum þessum er 33. gr. laga nr. 6/1986 um fjallskil og afréttarmálefni skýrð en þau lög eru í fullu gildi sbr. álit Umboðsmanns Alþingis frá árinu 2022. Ætti því allri réttaróvissu að vera eytt hafi hún verið til staðar.

Samkvæmt úrskurðunum þarf land ekki að vera girt til þess að skylda sveitarstjórnar til smölunar stofnist og smala á eins fljótt og auðið er til að koma í veg fyrir tjón.

Þá kemur fram í minnisblaði matvælaráðuneytisins hvatning til sveitarfélaga að þau nýti þau verkfæri sem þau hafa samkvæmt lögum til hagsbóta fyrir landeigendur, bændur og alla íbúa. Verður minnisblaðið ekki skilið öðruvísi en svo að í því felist kurteisleg tilmæli til sveitarfélaga að fara að lögum sem eru einföld og skýr þótt þau séu komin til ára sinna.

Samkvæmt 33. gr. laga stofnast skylda til smölunar ef um ágang búfjár er að ræða úr einu heimalandi í annað og að sá sem fyrir verður kæri. Skilyrðin þannig aðeins tvö. Ágangur merkir „heimildarlaus beit“ og sá sem fyrir verður er eigandi eða umráðamaður lands. Þá háttar svo til í Fjarðabyggð að þar er ekki afréttur sbr. t.d. bæjarstjórnarfund 16. apríl 2023. Er því vafalaust að allur ágangur búfjár í sveitarfélaginu er úr einu heimalandi í annað. Þá liggur fyrir að ég á ekki búfé og enginn hefur heimild til að beita búfé í land mitt. Er því öll beit búfjár í land mitt heimildarlaus og því ágangur í skilningi laganna.

Nú þegar þetta liggur fyrir reikna ég með að sveitastjón muni framvegis fara að lögum hvað þennan málaflokk varðar og láta smala ágangsfé eins fljótt og auðið er eftir að kæra berst frá þeim sem fyrir verður.

En ég spyr ég engu að síður: Mun sveitafélagið Fjarðabyggð smala ágangsfé af landi okkar þegar eftir því verður óskað? Óska ég svars eins fljótt og auðið er þar sem það styttest hratt í að bændur sleppi fé út.

Sinni sveitarstjórn ekki þessari lagaskyldu sinni neyðist undirritaður til að verja land mitt sjálfur þannig að ágangsféð yrði rekið af landinu eins oft og nauðsyn krefur. Það yrði allt að 3 til 4 sinnum í viku sé mið tekið af ástandinu undanfarin ár. Ráðinn yrði verktaki til að annast verkið og reikna má með að hvert skipti kosti a.m.k. kr. 35.000,-. Sveitarstjórn yrði svo krafín um greiðslu þessa kostnaðar.“

Ívar Ingimarsson
v. Óseyri Stöðvarfirði